



Minnisblað

02.10.2018

Tilfni


Breytingar á leið 14 samhliða lokun Gömlu Hringbrautar

Höfundur

Skipulag/Leiðakerfi hjá Strætó bs.

INNGANGUR

Leið 14 lendir illa í umferð þegar leiðin þræðir Reykjavík frá Verzló, í gegnum Laugarneshverfið að Hlemmi, að Hí og um Lækjargötu út á Granda. Leiðin er iðulega töluvert sein seinnipart dags, vegna þess hve umferðarþungi seinkar för hennar. Sumarið 2017 var tíma bætt við leiðina til þess að reyna að minnka seinkanir og bættist þá við einn vagn í akstri. Seinkanir minnkuðu aðeins en þó ekki nærri því nógu mikið. Því er svo komið að, ef ekki á að bæta við enn fleiri vögnum með tilheyrandi kostnaði, þá er þörf á því að stytta leiðina til að koma í veg fyrir að leiðin sé alltaf töluvert mikið of sein seinnipart dags með tilheyrandi óþægindum fyrir farþega.



Akstursleið leiðar 14 í dag.

Líkt og áður hefur komið fram munu akstursleiðir þeirra leiða sem aka um Gömlu Hringbraut breytast eilítið í lok nóvember. Þetta er vegna framkvæmda við Nýja Landspítalann við Hringbraut. Gamla Hringbraut mun loka fyrir gegnumakstur í að minnsta kosti 6 ár. Samhliða þessum breytingum leggjum við til að akstursleið leiðar 14 verði stytt. Að leiðin muni aka beint Hverfisgötu til og frá Hlemmi, í stað þess að aka Snorrabraut (hjáleið um Bergþórugötu/Barónsstíg og Barónsstíg/Egilsgötu) og að HÍ og til baka Lækjargötu.

ÚTFÆRSLA BREYTINGARINNAR:

Lagt er til að stytta akstursleiðina töluvert en halda þónokkuð af aksturstímanum sem sparast við styttinguna inni í akstursleiðinni, þ.e. að gefa leiðinni fleiri mínútur á stöðum sem hún tefst mikið í umferð svo að hún nái að rétta sig af og halda betur tímaáætlun.



Tillaga að breyttri akstursleið leiðar 14.

Sparnaður við tillöguna er u.þ.b. 40 milljónir kr. á ári skv. Remix.

Með þessari breytingu yrði akstursleiðin beinni og leiðin ætti að geta gengið vel upp, tímalega séð. Leiðin gæti einnig ekið Reykjaveg í stað Kringlumýrarbrautar og myndað þannig beina tengingu úr miðbænum að Laugardalshöll (með nýju stoppi við Reykjaveg).



ÁHRIF BREYTINGARINNAR:

Með breytingunni þyrftu einhverjir farþegar að skipta um vagn til að komast leiðar sinnar miðað við það sem er í dag. Sem dæmi gæti farþegi sem ætlar frá Austurbrún að Landspítalanum skipt fyrir í leiðir 15 eða 5 á Laugarvegi, ef hann ætlaði að HÍ gæti hann t.d. skipt yfir í leiðir 1, 3, 6 eða 12 á Hlemmi. Leiðir 1 og 6 aka á 10 mín. tíðni á annatíma og hinar á 15 mín. tíðni, því er aldrei nema örfáar mínútur í næsta vagna á annatíma. Á móti myndu tímasetningar leiðar 14 verða nákvæmari og minni seinkanir sem ætti að hafa jákvæðar afleiðingar í för með sér fyrir farþega.

Þær stoppistöðvar sem detta alveg út úr akstursleið leiðar 14 eru: Ráðhúsið, Fríkirkjuvegur, Snorrabraut, BSÍ, Landspítalinn og HÍ. Í dag eru um 11% innstiga leiðar 14 á þessum stoppistöðvum. Það er þó ekki hægt að segja að farþegar missi tengingu við þessar stoppistöðvar því auðvelt er að skipta í aðrar leiðir sem aka þær, líkt og nefnt var að ofan. Þess má geta að um 11% innstiga á leið 14 eru við Laugardalslaug, um 5% við Verzló og 15% á Hlemmi.

Aðeins lengri ganga verður fyrir þá sem í dag nýta sér stoppistöðina við MR en á móti kemur að farþegar sleppa við að sitja í vagninum frá/til Hlemmi → Gömlu Hringbraut → HÍ → MR þannig að farþeginn ætti því að vera kominn fyrr á áfangastað.

Með þessari breytingu verður til bein tenging við Hverfisgötuna (Þjóðleikhúsið, Bíó Paradís og fl.) í stað beinu tengingarinnar við HÍ/BSÍ. Akstur hófst að nýju eftir endurgerð hluta Hverfisgötu í mars 2017, í dag eru um 8% innstiga á leið 11 og leið 13 í Hverfisgötu. Um 12% innstiga og 14% útstiga eru í leið 14 frá Mýrargötu og útá Granda. Með þessari breytingu verður því beinni tenging frá Granda upp/niður Hverfisgötu að Hlemmi, Laugardalslaug o.fl. Leið 14 er eina leiðin sem ekur út á Granda.

Við teljum æskilegt að gera þessa breytingu samhliða lokun Gömlu Hringbrautar þar sem aðgerða er þörf sem fyrst til að minnka seinkanir á leiðinni.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 9. nóvember 2018

USK2018110019

UMSÖGN

Viðtakandi: Strætó bs.


Sendandi: Þorsteinn R. Hermannsson

Breytingar á leið 14


Stjórn Strætó bs. vísaði meðfylgjandi minnisblaði, tillögu að breytingum á leið 14 til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að leið 14 lendir illa í umferð þegar leiðin þræðir Reykjavík frá Verzló, í gegnum Laugarneshverfið að Hlemmi, að HÍ og um Lækjargötu út á Granda. Leiðin er iðulega töluvert sein seinnipart dags, vegna þess hve umferðarþungi seinkar för hennar. Sumarið 2017 var tíma bætt við leiðina til þess að reyna að minnka seinkanir og bættist þá við einn vagn í akstri. Seinkanir minnkuðu aðeins en þó ekki nærri því nógu mikið. Því er svo komið að, ef ekki á að bæta við enn fleiri vögnum með tilheyrandi kostnaði, þá er þörf á því að stytta leiðina til að koma í veg fyrir að leiðin sé alltaf töluvert mikið of sein seinni part dags með tilheyrandi óþægindum fyrir farþega.

Samhliða leiðakerfisbreytingum í tengslum við uppbyggingu Landspítala við Hringbraut er í minnisblaðinu lagt til að akstursleið leiðar 14 verði stytt. Að leiðin muni aka beint Hverfisgötu til og frá Hlemmi. Sjá myndir að neðan. Með þessari breytingu yrði akstursleiðin beinni og leiðin ætti að geta gengið vel upp, tímalega séð. Leiðin gæti einnig ekið Reykjaveg í stað Kringlumýrarbrautar og myndað þannig beina tengingu úr miðbænum að Laugardalshöll (með nýju stoppi við Reykjaveg).



Akstursleið leiðar 14 í dag.



Tillaga að breyttri akstursleið leiðar 14.

Áætlaður sparnaður við styttingu leiðarinnar er um 40 milljónir kr. á ári. Í minnisblaðinu er fjallað um áhrif breytinganna m.v. farþegatölur. Fram kemur að sex stoppistöðvar detta út á akstursleið 14 við styttinguna og að um 11% innstiga leiðarinnar eru á þessum stoppistöðvum. Það er þó ekki hægt að segja að farþegar missi tengingu við þessar stoppistöðvar því auðvelt er að skipta í aðrar leiðir sem aka þar um.

Að mati samgöngustjóra er tillagan góð. Það er mikils virði að tímaáætlun strætisvagna standist og að farþegar geti treyst á áreiðanleika leiðar 14, sem er eina leiðin sem þjónar Grandasvæðinu. Auðvelt verður fyrir farþega sem í dag nota þær sex stoppistöðvar sem detta út við breytinguna að skipta yfir í aðrar leiðir sem þjónusta t.d. HÍ og LSH, leiðir sem eru á 10-15 mínútna tíðni á annatímum og því ekki löng bið eftir næsta vagni.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs
Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri